

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 12. febrúar 2015 í máli nr. E-2788/2014:

Lánasjóður íslenskra námsmanna

(Jóhannes Sigurðsson hrl.)

gegn

A

(Leifur Runólfsson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 15. janúar sl., er höfðað með stefnu áritaðri um birtingu 21. júlí 2014.

Stefnandi er Lánasjóður íslenskra námsmanna, Borgartúni 21, Reykjavík.

Stefndi er A, [...], Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að felldur verði úr gildi úrskurður málskotsnefndar Lánasjóðs íslenskra námsmanna í málinu nr. L-58/2013, dagsettur 5. júní 2014, þar sem ákvörðun stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna frá 17. október 2013 var felld úr gildi og ábyrgð stefndu, A, á námsláni B nr. G-131048 felld niður.

Stefnda krefst sýknu af kröfum stefnanda og að henni verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að viðbættum virðisaukaskatti.

Með bréfi innanríkisráðuneytisins, dagsettu 10. nóvember 2014, var stefndu veitt gjafsókn til þess að taka til varna í þessu máli. Var gjafsóknin takmörkuð við rekstur málsins fyrir héraðsdómi, sbr. þó 4. og 5. mgr. 127. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

I.

Stefnandi er opinber stjórnsýslustofnun sem starfar eftir lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna nr. 21/1992 og hefur það hlutverk að tryggja þeim sem falla undir löggin tækifæri til náms án tillits til efnahags, sbr. 1. gr. laganna. Dóttir stefndu, B, sótti um námslán 2011. B taldist ekki lánshæf og því var gerð krafa um viðunandi ábyrgð með vísan til ákvæða 5. mgr. 6. gr. fyrrgreindra laga um sjóðinn. Stefnda tók á sig sjálfskuldarábyrgð á námslánum B, þ.e. annars vegar vegna skuldabréfs nr. G-131048, dagsetts 19. desember 2011, þar sem hámarksfjárhæð ábyrgðar er tilgreind 1.500.000 krónur og hins vegar er um að ræða viðbótarábyrgð

vegna sama skuldabréfs, dagsett 7. janúar 2013, þar sem hámarksfjárhæð ábyrgðar er tilgreind 3.000.000 króna.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 11. apríl 2013 var bú tekið til gjaldþrotaskipta. Hinn 6. júní 2013 sendi stefnandi stefndu tilkynningu um gjaldþrotið og upplýsti að staða ábyrgðar við úrskurð næmi 1.941.945 krónum. Tekið var fram að krafa vegna námslánsins myndi beinast að stefndu, að því marki sem ekki fengist greitt úr þrotabúinu. Þá var stefndu boðið að hafa samband við stefnanda til að semja um kröfuna eða óska frekari upplýsinga en að öðrum kosti mætti búast við því að hún yrði send til innheimtu hjá lögmannsstofu.

Stefnda óskaði eftir niðurfellingu sjálfskuldarábyrgðarinnar með erindi, dagsettu 20. ágúst 2013. Stjórn stefnanda hafnaði erindi stefndu með ákvörðun, dagsettri 17. október 2013. Stefnda kærði ákvörðun stjórnarinnar til málskotsnefndar Lánasjóðs íslenskra námsmanna með kæru, dagsettri 8. nóvember 2013. Málskotsnefnd kvað upp úrskurð í málinu 5. júní 2014, þar sem framangreind ákvörðun stjórnar stefnanda frá 17. október 2013 í máli stefndu var felld úr gildi. Er í forsendum úrskurðarins tekið fram að fallast beri á kröfur stefndu um niðurfellingu ábyrgðar hennar með vísan til 36. gr. samningalaga nr. 7/1936.

Stjórn stefnanda óskaði í kjölfarið eftir því að réttaráhrifum úrskurðarins yrði frestað með erindi, dagsettu 13. júní 2014, með vísan í heimild í 3. mgr. 5. gr. a laga nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Með úrskurði 26. júní 2014 féllst málskotsnefnd á að fresta réttaráhrifum úrskurðarins þar til niðurstaða dómstóla lægi fyrir en frestunin var bundin því skilyrði að málið yrði borið undir dómstóla innan 30 daga og að óskað yrði eftir flýtimeðferð málsins.

Með bréfi, dagsettu 15. júlí 2014, óskaði stefnandi eftir því við héraðsdóm Reykjavíkur að málið fengi flýtimeðferð en því erindi var hafnað með úrskurði upp kveðnum 17. júlí 2014. Eins og hér að framan er getið er mál þetta höfðað með stefnu áritaðri um birtingu 21. júlí 2014.

II.

Stefnandi kveður kjarna þessa máls lúta að því, hvort sjálfskuldarábyrgð stefndu standist lög eða hvort líta beri svo á að atvik séu með þeim hætti að ábyrgð stefndu teljist niður fallin. Kröfur stefnanda byggja á því að málskotsnefnd Lánasjóðs íslenskra námsmanna hafi með röngum hætti túlkað ákvæði laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna nr. 21/1992, laga um ábyrgðarmenn nr. 32/2009, laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936 og skilmála þeirra ábyrgðarsamninga sem stefnda gekkst undir gagnvart stefnanda. Kröfu um ógildingu úrskurðarins byggir stefnandi á ákvæðum 3. mgr. 5. gr. a laga um sjóðinn. Þá vísar stefnandi til almennra reglna stjórnarsýsluréttar, kröfuréttar og samningaréttar.

Stefnandi telur hvorki samræmast lögum né óumdeildum staðreyndum málsins niðurstöðu málskotsnefndar að stefnandi hafi í málinu brugðist skyldum sínum, annars vegar þeirri skyldu að láta fara fram einstaklingsbundið greiðslumat á lántaka og hins vegar að upplýsa ábyrgðarmann skriflega um þá áhættu sem ábyrgð

er samfara áður en hún tók á sig umrædda ábyrgð og eftir atvikum ráða henni frá því að gangast í ábyrgð á námslánum lántaka.

Stefnandi vísar í fyrsta lagi til þess að óumdeilt sé að stefnda hafi tekið á sig sjálfskuldarábyrgð á námslánum dóttur sinnar og staðfest það með undirritun sinni á skuldabréfið og viðbótarábyrgðina. Í nefndum skjölum segi orðrétt: „Ábyrgðarmaður hefur verið upplýstur um greiðslugetu lántaka o.fl. atriði skv. 5. gr. laga nr. 32/2009 og staðfest það með undirritun sinni á sérstaka yfirlýsingu þar að lútandi sem skoðast sem hluti þessa skuldabréfs.“

Í tilvitnaðri yfirlýsingu, sem stefnda hafi undirritað samhliða framangreindum skjölum, undir yfirskriftinni „Upplýsingar til ábyrgðarmanns skv. 5. gr. laga nr. 32/2009“, segi síðan: „LÍN hefur upplýst undirritaðan um greiðslusögu lántakanda í samræmi við 4. gr. laga nr. 32/2009 eins og fram kemur á meðfylgjandi fylgiskjali. Frekari upplýsingar um greiðslugetu lántakanda er ekki að fá. Vakin er athygli á því að umrætt lán mun ekki greiðast fyrir en 2 árum eftir að námi lýkur og þá verða aðstæður lántakanda aðrar en í dag, þ.á.m. greiðslugeta.“

Tilvitnað fylgiskjal hafði að geyma upplýsingar úr vanskilaskrá frá Creditinfo Lánstrausti hf. vegna lántakans. Fyrir liggir að lántakinn hafi ekki verið metinn lánshæfur samkvæmt reglum stjórnar stefnanda þar sem hann var á vanskilaskrá. Þetta hafi stefndu verið ljóst þar sem hún hefði fengið umræddar upplýsingar. Í öllu falli hafi stefndu mátt vera þetta ljóst, enda hefði að öðrum kosti ekki verið gerð krafa um yfirlýsingu hennar um sjálfskuldarábyrgð, sbr. 5. mgr. 6. gr. laga um sjóðinn. Bendir stefnandi á að úthlutunarreglur stefnanda, sem séu reglugerðarígildi, kveði skýrlega á um að námsmenn teljist ekki lánshæfir ef þeir eru á vanskilaskrá, í vanskilum við sjóðinn eða hafi bú þeirra verið tekið til gjaldþrotameðferðar. Þessar reglur séu settar af stjórn sjóðsins en staðfestar af ráðherra og birtar með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda (nr. 640/2011 og nr. 560/2012). Þá sé reglurnar einnig að finna á heimasíðu stefnanda.

Að því er varðar forsendur málskotsnefndar fyrir þeirri niðurstöðu sinni að stefnandi hafi ekki uppfyllt þær kröfur, sem lög um ábyrgðarmenn leggja á stefnanda, þ.e. með þeim hætti að hann hafi ekki framkvæmt greiðslumat og jafnframt látið undir höfuð leggjast að kanna hagi stefndu og ráða henni frá því að gangast í ábyrgðina, sbr. 1.–3. mgr. 4. gr. laganna, bendir stefnandi á að samkvæmt 5. mgr. 6. gr. laga um sjóðinn sé stefnanda skylt að meta hvort námsmenn sem sækja um lán, séu lánshæfir samkvæmt reglum stjórnar sjóðsins. Vísar stefnandi til greinargerðar með frumvarpi til laga um breytingu á lögum um sjóðinn nr. 78/2009 þar sem fram kemur að gengið sé út frá því að námsmenn fái almennt námslán, nema fyrir liggja upplýsingar sem benda til þess að námsmaður teljist ótraustur lántaki. Er þá tiltekið að stjórn sjóðsins sé heimilt að synja námsmanni um námslán en að námsmaður, sem fái slíka synjun, kunni að eiga möguleika á námsláni gegn tryggingu í formi sjálfskuldarábyrgðar ábyrgðarmanns, veðrétti í fasteign eða bankaábyrgð.

Þá vísar stefnandi til þess að í V. kafla úthlutunarreglna sjóðsins nr. 640/2011 og nr. 560/2012 sé kveðið á um lánshæfismat, sbr. 5. mgr. 6. gr. laga um sjóðinn. Þar komi m.a. fram að skilyrði, sem lánþegar þurfi m.a. að uppfylla til þess að teljast lánshæfir sem lántakendur hjá sjóðnum, sé að þeir séu ekki á vanskilaskrá, í vanskilum við sjóðinn þegar sótt er um nýtt lán og að bú þeirra sé ekki til

gjaldþrotameðferðar. Þessi skilyrði komi einnig fram að hluta til í 7. gr. reglugerðar nr. 478/2011, um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Svo virðist sem málskotsnefndin leggi að jöfnu starfsemi stefnanda annars vegar og Íbúðalánasjóðs og viðskiptabanka hins vegar í þessu sambandi. Hann virði þannig að vettugi félagslegt hlutverk stefnanda og leggi til grundvallar að ekkert greiðslumat hafi verið framkvæmd á lántakanum. Stefnandi hafnar þessu með vísan til framangreinds og bendir jafnframt í fyrsta lagi á að starfsemi stefnanda sé að þessu leyti algerlega ósambærileg starfsemi framangreindra aðila. Þannig sé hlutverk stefnanda skýrt afmarkað í lögum og því augljóst að þær kröfur, sem lög um ábyrgðarmenn setja á stefnanda, verði að skoða í því samhengi. Hlutverk stefnanda sé að veita námsmönnum námslán, þ.e. lán til að standa straum af náms- og framfærslukostnaði og þar með tryggja þeim sem falla undir lögina tækifæri til náms, án tillits til efnahags, sbr. 1. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 3. gr. laganna. Eðli málsins samkvæmt hafi maður í námi, sem þurfi lánsfé til framfærslu, takmarkaðar eða engar tekjur. Enda geri lögina ráð fyrir því að endurgreiðsla slíkra námslána hefjist ekki fyrr en að námi loknu þegar viðkomandi lántaki hefur lokið námi og haft tækifæri til þess að afla tekna. Þá sé endurgreiðsla námslána einnig háð tekjum lántaka og vextir á þeim séu niðurgreiddir. Þetta eigi hins vegar ekki við um lán sem Íbúðalánasjóður eða viðskiptabankar veiti.

Þá feli greiðslumat Íbúðalánasjóðs og viðskiptabanka í sér útreikning á greiðslugetu lántaka til þess að meta hvort hann geti staðið við greiðslur samkvæmt lánsamningi. Slíkt greiðslumat miði að því að meta hvort lántaki geti staðið við greiðslu fjárskuldbindingar samkvæmt lánsamningi á þeim tíma sem matið er framkvæmt, sbr. til hliðsjónar 6. og 7. gr. reglugerðar um lánshæfis- og greiðslumat nr. 920/2013. Útilokað sé að beita sömu viðmiðunum í tilviki stefnanda, enda sé lánveitingum hans ætlað að standa straum af framfærslu- og námskostnaði lántakenda á meðan þeir eru í námi og hafa engar eða takmarkaðar tekjur. Vart þurfi að taka fram að fólk, sem þiggur lán til framfærslu og er í lánshæfu námi, stenst ekki hefðbundið greiðslumat, enda feli slíkt mat í sér útreikning á greiðslugetu sem m.a. byggist á opinberum neysluviðmiðunum og miði aðstæður eins og þær eru við gerð greiðslumats. Framkvæmd hefðbundins greiðslumats, svo sem tíðkast hjá Íbúðalánasjóði og viðskiptabönkum, sé því bersýnilega tilgangslaust.

Í öðru lagi liggi fyrir að stefnandi framkvæmdi lánshæfismat á lántakanum, þ.e. stefnandi lagði mat á hæfi lántakans til að standa í skilum með námslánið og hafi í því sambandi matið greiðslugetu hans. Það mat hafi verið byggt á upplýsingum sem voru til þess fallnar að veita áreiðanlegar vísbendingar um líkindi þess að lántakinn gæti efnt lánsamninginn og hafi verið byggt á upplýsingum úr gagnagrunni um fjárhagsmálefni og lánstraust, sbr. til hliðsjónar 2. gr. reglugerðar um lánshæfis- og greiðslumat. Lántakinn hafi ekki staðist það mat en leggja verði til grundvallar að stefndu hafi verið eða a.m.k. mátt vera kunnugt um þá staðreynd.

Eftir standi þá að taka afstöðu til þess hvort lánshæfismatið teljist byggjast á viðurkenndum viðmiðum og uppfylli skilyrði 1. mgr. 4. gr. laga um ábyrgðarmenn. Stefnandi telji einsýnt að svo sé, enda séu viðmiðin sett fram í úthlutunarreglum sjóðsins, sem ráðherra staðfesti og birtar séu í B-deild Stjórnartíðinda. Þá komi viðmiðin einnig að hluta fram í 7. gr. reglugerðar um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Stefnandi bendir á að óumdeilt sé að stefnandi hafi framkvæmt lánsþæfismat á lántakanum B. Niðurstaða matsins hafi verið sú að B taldist ekki lánsþæf þar sem hún var á vanskilaskrá. Ljóst er því að fyrir lágu upplýsingar sem bentu til þess að B teldist ótraustur lántaki. Hið lögakveðna lánsþæfismat, sem stefnandi hafi framkvæmt samkvæmt 5. mgr. 6. gr. laga um sjóðinn, verði lagt að jöfnu við mat á þæfi lántaka til að standa í skilum með lán samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga um ábyrgðarmenn. Þannig telji stefnandi rétt að skýra 1. mgr. 4. gr. laga um ábyrgðarmenn með þeim hætti að með viðurkenndum viðmiðunum sé vísað til sömu skilyrða og felist í lánsþæfi samkvæmt lögum um sjóðinn. Teljist því framkvæmd lögbundins lánsþæfismats uppfylla skilyrði 1. mgr. 4. gr. laga um ábyrgðarmenn.

Að því er varðar ætlaða vanrækslu á upplýsingaskyldu, bendir stefnandi á að fyrir liggja að ef námsmenn teljast ekki lánsþæfir samkvæmt lögum og reglum sem um sjóðinn gilda, séu þeir annaðhvort á vanskilaskrá, í vanskilum við sjóðinn eða í gjaldþrotameðferð. Þessar staðreyndir, til viðbótar því að viðkomandi sækir um lán til framfærslu, bendi eindregið til þess að viðkomandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar á því tímamarki. Þannig megi öllum, sem eru tilnefndir sem ábyrgðarmenn fyrir námsmenn sem óskað hafa eftir námsláni hjá stefnanda, vera ljóst að viðkomandi námsmaður hafi ekki staðist lánsþæfismat sjóðsins og geti ekki efnt skuldbindingar sínar á því tímamarki, þ.e. að viðkomandi teljist á því tímamarki ótraustur lántaki. Þetta sé í raun alveg skýrt, enda megi ábyrgðarmönnum á námslánum vera fullkomlega ljóst að lántaki þurfi á slíku láni að halda til að standa straum af náms- og framfærslukostnaði meðan á námi hans stendur.

Með hliðsjón af þessu sé útilokað að skýra 2. mgr. 4. gr. laga um ábyrgðarmenn með þeim hætti sem málskotsnefnd geri, enda myndi sú framkvæmd leiða það af sér að stæðust námsmenn ekki lögbundið lánsþæfismat, setti löggjafinn fram kröfu á stefnanda um að afla viðbótartrygginga, m.a. í formi sjálfskuldarábyrgða, en á sama tíma væri stefnanda skylt samkvæmt lögum að ráða ábyrgðarmönnum frá því að veita trygginguna. Slík lögskýring sé ótæk. Stefnandi telji hins vegar rétt að ábyrgðarmönnum, líkt og stefndu, sé gerð grein fyrir því ef lántakar eru á vanskilaskrá, í vanskilum við sjóðinn eða í gjaldþrotameðferð og að bent sé á þá staðreynd að hér skipti máli greiðslugeta lántaka á því tímamarki sem endurgreiðsla er áætluð.

Sömu rök og að framan greinir eigi við um túlkun á 3. mgr. 4. gr. laga um ábyrgðarmenn að breyttu breytanda en fyrir liggja að stefnandi beitti sambærilegum viðmiðunum þegar hann kannaði hagi stefndu sem ábyrgðarmanns, þ.e. með vísan til úthlutunarreglna stefnanda hafi verið kannað hvort stefnda væri á vanskilaskrá, í vanskilum við sjóðinn eða til gjaldþrotameðferðar. Þá hafi stefnda staðfest með undirritun sinni að hafa verið upplýst m.a. um greiðslugetu lántakans og þau atriði sem greinir í 4. og 5. gr. laga um ábyrgðarmenn.

Af framansögðu telji stefnandi ljóst að sjóðurinn hafi í einu og öllu viðhaft þau vinnubrögð sem lög og reglur um sjóðinn og lög um ábyrgðarmenn áskilja þegar stefnda veitti umrædda sjálfskuldarábyrgð. Í öllu falli liggja a.m.k. fyrir að stefndu hafi verið kunnugt um að lántaki stóðst ekki lánsþæfismat stefnanda og var á vanskilaskrá og jafnframt að stefndu hafi verið veittar þær upplýsingar sem kveðið er á um í 5. gr. laga um ábyrgðarmenn. Þegar af þeirri ástæðu beri að fallast á kröfu

stefnanda, enda sé enginn grundvöllur fyrir þeirri niðurstöðu málskotsnefndar að beita 36. gr. laga um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936 til þess að fella niður ábyrgð stefndu.

Þá vísar stefnandi til þess að í úrskurði málskotsnefndar sé tekið fram að það leiði ekki sjálfkrafa til þess að ábyrgðarsamningur verði ógiltur í heild eða að hluta af þeim sökum einum að lánveitandi hafi við gerð hans brugðist skyldum sínum. Finna þurfi slíkri ógildingu stoð í reglum samningaréttar ef leysa á ábyrgðarmann undan skyldum sínum samkvæmt ábyrgðarsamningi. Stefnandi fellst á þessa forsendu nefndarinnar en telur rétt að taka fram að öll sönnunarbyrði fyrir því að um ógilda ábyrgðarskuldbindingu sé að ræða hvíli á stefndu. Hún hafi hins vegar í engu sýnt fram á að skilyrði til ógildingar samkvæmt 36. gr. samningalaga séu uppfyllt. Þar sem stefnandi hafi í einu og öllu farið að lögum og reglum um sjóðinn og lögum um ábyrgðarmenn þegar stefnda tók á sig umrædda sjálfskuldarábyrgð, sé útilokað að fella ábyrgð hennar niður með vísan til 36. gr. samningalaga.

Til viðbótar bendir stefnandi á að þótt einhverra hluta vegna væri fallist á að stefnandi hafi, að einhverju leyti, ekki fylgt fyrirmælum nefndra laga og reglna, þá liggja í öllu falli fyrir að stefndu var kunnugt um að lántaki stóðst ekki lánshæfismat stefnanda og var á vanskilaskrá og jafnframt sé ljóst að stefndu voru veittar þær upplýsingar sem kveðið er á um í 5. gr. laga um ábyrgðarmenn. Stefnandi hafi jafnframt verið ljóst að lánið var ætlað til framfærslu lántaka. Því sé óumdeilt að stefndu hafi sjálfri verið ljós fjárhagsleg staða lántaka sem og eigin staða. Þrátt fyrir þessar upplýsingar hafi stefnda ákveðið að gangast í ábyrgð fyrir lántakann. Verði því ekki annað ráðið en að stefnda hefði gengist í ábyrgð þótt lántakinn hefði, til viðbótar við að standast ekki lögbundið lánshæfismat stefnanda, ekki staðist greiðslumat að forskrift Íbúðalánasjóðs eða viðskiptabanka.

Það heildarmat á aðstæðum aðila, sem fram þurfi að fara við mat á því hvort skilyrði 36. gr. samningalaga teljist uppfyllt, geti því ekki leitt til annarrar niðurstöðu en þeirrar að sjálfskuldarábyrgð stefndu teljist gild. Þegar af þeirri ástæðu beri að fallast á kröfu stefnanda, enda sé enginn grundvöllur fyrir þeirri niðurstöðu málskotsnefndar að beita 36. gr. samningalaga til þess að fella niður ábyrgð stefndu.

Um lagarök vísar stefnandi m.a. til laga nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, meginreglna stjórnisýsluréttar, kröfuréttar og samningaréttar, auk laga nr. 32/2009, um ábyrgðarmenn, og laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, einkum 129. gr. og 130. gr. þeirra laga.

III.

Stefnda kveður ágreining aðila í máli þessu lúta að því, hvort stefnandi hafi uppfyllt lagalega skyldu sína gagnvart ábyrgðarmanni, þ.m.t. með því að gera greiðslumat á lántaka eins og lög geri ráð fyrir, og hvort stefnandi hafi varað stefndu við því með nægilega tryggilegum hætti að gerast ábyrgðarmaður á láni dóttur hennar.

Stefnda vísar til þess að um ábyrgðir einstaklinga gildi lög nr. 32/2009, um ábyrgðarmenn. Eitt af meginmarkmiðum laganna sé að vernda ábyrgðarmenn,

koma á formfestu og stuðla að faglegum vinnubrögðum við gerð lánasamninga þar sem krafist er ábyrgðar þriðja manns vegna einstaklinga. Lögin hafi verið sett þar sem fjöldamörg dæmi voru um það að ábyrgðarmenn hefðu ekki getað tekið upplýsta ákvörðun um þá áhættu sem þeir tóku á sig með því að gangast í persónulega ábyrgð vegna fjárskuldbindinga þriðja manns. Lögin hafi verið sett með neytendavernd í huga og vegna kröfunnar um vönduð vinnubrögð af hálfu fjármálafyrirtækja. Við setningu laganna hafi m.a. verið haft í huga að ábyrgðarmenn hafa yfirleitt engan fjárhagslegan ávinning af því að gangast í ábyrgð og ástæðan fyrir því að gengist er í slíka ábyrgð er tíðum krafa lánveitenda um auknar tryggingar og þrýstingur frá lántaka, sem oft eru fjölskyldumeðlimir sem erfitt getur verið að hafna eða vantroysta.

Í 2. gr. laga um ábyrgðarmenn sé tekið fram að lögin gildi um lánveitingar stofnana og fyrirtækja þar sem ábyrgðarmaður gengst í ábyrgð fyrir lántaka. Í 2. málslíð 1. mgr. ákvæðisins séu upptalin dæmi um stofnanir og hvers kyns fyrirtæki sem átt sé við en þar sé stefnandi tilgreindur. Sé þannig ljóst að lögin gildi um stefnanda.

Rauði þráður laganna um ábyrgðarmenn sé sá að ábyrgðarmaður skuli vera upplýstur um þá áhættu sem í ábyrgð felst áður en hann gengst í hana. Þess vegna geri lögin það að skilyrði að gert sé greiðslumat á lántaka, að gerður sé skriflegur ábyrgðarsamningur milli aðila, að lánveitandi sinni upplýsingaskyldu sinni gagnvart ábyrgðarmanni, m.a. um breytingar á skilmálum ábyrgðar. Til þess að ábyrgð stefndu teljist gild, þurfi stefnandi að hafa uppfyllt allar þessar skyldur gagnvart stefndu.

Stefnda bendir á að í upplýsingabæklingi, sem stefnandi málsins hafi afhent stefndu, sé beinlínis ýjað að því að greiðslugeta lántakanda verði betri þegar komi að því að greiða af láninu. Ýjað sé að því að efndir lántaka verði líklega án vandkvæða en ekki hafi verið lagðar fram upplýsingar um það af hverju stefnandi mæti lántaka ekki lánshæfan, engar upplýsingar hafi verið gefnar ábyrgðarmanni varðandi stöðu lántaka né útprentun frá Creditinfo-Lánstrausti. Óumdeilt sé að framkvæmt hafi verið lánshæfismat sem var neikvætt. Stefnandi hafi metið það þannig að lántaki gæti ekki talist lánshæfur vegna fyrirliggjandi upplýsinga og þar með hafi verið ástæða til þess að krefjast ábyrgðar þriðja aðila. Einungis sé farið fram á slíka ábyrgð ef lántaki telst ekki lánshæfur. Í raun sé verið að réttlæta ábyrgðaryfirlýsingu þriðja manns á láni til lántaka, sem stefnandi meti ekki lánshæfan, í stað þess að ráða ábyrgðarmanni frá því með skriflegum hætti, eins og gert sé ráð fyrir í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 32/2009, um ábyrgðarmenn, og leggja fram þær fyrirliggjandi upplýsingar sem stefnandi byggði lánshæfismat sitt á. Gerð lánshæfismats innanhúss hjá stefnanda til þess að meta, hvort lántaki geti fengið lán hjá stefnanda, með eða án ábyrgðarmanns, sé ótengt því að tiltekið greiðslumat verði gert til þess að meta greiðslugetu og sýna ábyrgðarmanni fram á það, hver staða lántaka er og hvort búast megi við því að greiðslugeta verði til staðar þegar innheimta hefst. Slíkt þurfi ábyrgðarmaður að fá að sjá svo hann geti tekið upplýsta ákvörðun, líkt og lögin geri ráð fyrir.

Málskotsnefnd hafi ekki fallist á það með stjórn Lánaþjófðsins að ekki hafi verið unnt að framkvæma greiðslumat m.a. með vísun til eðlis lánveitingarinnar og skorts á upplýsingum um lántaka. Samkvæmt f-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 920/2013 skuli lánveitandi meta lánshæfi lántakanda og byggja á upplýsingum sem eru til þess fallnar að veita áreiðanlegar vísbendingar um líkindi þess hvort lántaki geti

efnt lánsamning. Lánshæfismat feli ekki í sér greiðslumat, nema slíkt sé áskilið sérstaklega. Greiðslumat sé samkvæmt d-lið sömu greinar útreikningur á greiðslugetu lántaka miðað við eignir, skuldir, gjöld og tekjur, sem m.a. byggjast á opinberum neysluviðmiðum.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga um ábyrgðarmenn skuli lánveitandi meta hæfi lántaka til að standa í skilum með lán þar sem ábyrgðarmaður gengst í ábyrgð til tryggingar á efndum lántaka. Til að lánveitandi geti rækt skyldur sínar gagnvart ábyrgðarmanni verði hann að hafa lagt mat sitt á greiðslugetu lántaka. Sé því ekki nægjanlegt að upplýsa ábyrgðarmann um greiðslusögu lántaka, heldur verði að leggja mat á og upplýsa ábyrgðarmann um greiðslugetu lántakanda til framtíðar en ekki fortíðar. Matið verði að vera forsvaranlegt og byggjast á viðurkenndum viðmiðum. Á skjali, sem ber heitið „Upplýsingar til ábyrgðarmanns“ og útbúið er af stefnanda, komi einungis fram í 2. lið að sjóðurinn hafi upplýst undirritaðan um greiðslusögu lántakanda. Að mati stefndu sé það hins vegar ekki nægilegt og mótmæli hún því að stefnandi hafi upplýst hana um greiðslusögu, enda hafi stefnandi ekki getað framvísað neinu skjali því til staðfestingar, þrátt fyrir kröfu þar um.

Stefnda vísar til þess að lög nr. 32/2009, um ábyrgðarmenn, séu sérlög um ábyrgðarmenn og gangi þau því framur almennum lögum samkvæmt lögskýringarsjónarmiðum (lex specialis) og því gangi þau framur lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, hvað varðar ábyrgðarmenn. Hefði löggjafinn ætlað að gera minni kröfu um vernd til handa þeim, sem gangast í ábyrgð vegna námslána, en annarra lána, hefði löggjafinn þurft að setja slíkt ákvæði í lög. Það hafi ekki verið gert og gildi því lög nr. 32/2009 um ábyrgðir, hvort heldur sem er á námslánum eða öðrum lánnum, enda séu lög þessi sérlög til verndar ábyrgðarmönnum en ekki til verndar lántakendum.

Stefnandi málsins virðist telja að það eigi að taka sérstakt tillit til þess að hann sinni að eigin sögn félagslegu hlutverki. Ljóst megi vera að félagslegt hlutverk stefnanda komi ekki í veg fyrir að hann þurfi, eins og aðrar lánastofnanir, að fara eftir lögum nr. 32/2009, um ábyrgðarmenn, sbr. umfjöllun um 2. gr. frumvarps til laganna þar sem ekki sé talin ástæða til að gera greinarmun á þörf ábyrgðarmanns fyrir réttarvernd þegar slíkir aðilar eigi í hlut. Samkvæmt 4. gr. laga um ábyrgðarmenn skuli greiðslumat vera forsvaranlegt og byggja á viðurkenndum viðmiðunum. Almennt sé talið að það þurfi að taka tillit til neyslu og annarra fastra útgjalda áður en ráðstöfunarfé til greiðslu skuldbindinga er reiknað út. Þannig hvíli sú skylda á þeim sem stunda útlánastarfsemi að kanna greiðslugetu lántakanda og endurgreiðslumöguleika hans áður en ákvörðun er tekin um lánveitingu og ábyrgð. Engin gögn sýni að stefnandi hafi metið greiðslugetu eða gert forsvaranlegt greiðslumat á lántakanda. Hins vegar liggi fyrir að stefnandi hafi hvatt stefndu til undirritunar ábyrgðarinnar, enda yrðu aðstæður lántakanda þegar kæmi að endurgreiðslu lánsins aðrar en þær væru nú. Með vísan til 1. og 2. mgr. 36. gr. samningalaga nr. 7/1936 beri stefndi hallann af því að hafa ekki farið að þeim lögum sem gildi um ábyrgðarmenn.

Við mat á því, hvort ósannjarnt sé eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera ábyrgðaryfirlýsingu stefndu fyrir sig, sbr. 36. gr. samningalaga, beri að líta til efnis samnings, atvika við samningsgerðina og stöðu samningsaðila ásamt fleiru. Orðalag lagagreinarinnar höfði til almenns sanngirnismats og heiðarleika í

viðskiptum. Hugtakið ósanngirni sé huglægt mat en ætla verði að þegar lánveitandi, þ.e. stefnandi, brjóti svo gróflega sem raun ber vitni á réttarvernd sem ábyrgðarmanni, þ.e. stefnda, sé tryggð með lögum nr. 32/2009, teljist það ósanngjarnt. Beri því að víkja ábyrgð stefndu í heild sinni til hliðar.

Verði það að teljast andstætt góðri viðskiptavenju og jafnframt ósanngjarnt að stefnandi geti haldið fast í ábyrgð stefndu þegar stefnandi fylgdi ekki þeim lagalegu skyldum sem honum ber samkvæmt ákvæðum laga nr. 32/2009. Stefnandi þessa máls hafi samið ábyrgðarskilmálana einhliða og sé eðli málsins samkvæmt sérfræðingur í lánveitingum, enda með áratuga reynslu í lánveitingum til námsmanna. Þannig sé griðarlegur aðstöðumunur milli aðila málsins. Stefnandi beri hallann af mistökum starfsmanna sinna við að láta ekki framkvæma forsvaranlegt greiðslumat á lántakandanum og þar með að hafa brugðist lagalegri skyldu sinni gagnvart stefndu. Ábyrgðarskuldbindingin hafi frá upphafi verið haldin efnisannmarka þar sem ekki hafi verið framkvæmt greiðslumat samkvæmt ákvæðum laga nr. 32/2009. Loks byggir stefnda á því að bæði dóttir hennar sem lántaki og stefnandi hafi með blekkingum fengið hana til að skrifa undir ábyrgðaryfirlýsinguna. Hvorugt þeirra hafi bent henni á áhættuna af undirrituninni vegna verulega bágrar fjárhagsstöðu lántaka. Beri því að staðfesta úrskurð málskotsnefndarinnar í máli nr. L-58/2013 um niðurfellingu ábyrgðarskuldbindinga stefndu á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936.

Stefnda byggir kröfu sína um sýknu meðal annars á lögum um ábyrgðarmenn nr. 32/2009, samningalögum nr. 7/1936, og meginreglum stjórnisýsluréttar og kröfuréttar. Krafa um málflutningsþóknun er byggð á ákvæðum í XXI. kafla laga nr. 91/1991, einkum 129. og 130. gr. laganna.

IV.

Eins og áður er rakið gerir stefnandi þær dómkröfur í máli þessu að felldur verði úr gildi úrskurður málskotsnefndar Lánasjóðs íslenskra námsmanna frá 5. júní 2014, þar sem felld var úr gildi ákvörðun stjórnar stefnanda frá 17. október 2013. Með ákvörðuninni hafði beiðni stefndu í þessu máli um niðurfellingu á sjálfskuldarábyrgð hennar á námsláni dóttur sinnar verið synjað. Málskotsnefnd byggði niðurstöðu sína á því að stefnandi hefði ekki gætt ákvæða laga nr. 32/2009, um ábyrgðarmenn, þegar stefnda gekkst í ábyrgð fyrir námsláni dóttur sinnar, svo sem áður er rakið. Bæri því með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 að fallast á kröfur stefndu um niðurfellingu á umræddum námslánum dótturinnar. Af hálfu stefndu er sýknukrafa byggð á því að stefnandi hafi ekki uppfyllt lagalega skyldu sína gagnvart sér sem ábyrgðarmanni vegna þess að hvorki hafi farið fram greiðslumat á dóttur hennar sem lántaka né hafi stefnandi upplýst hana skriflega um þá áhættu sem ábyrgð er samfara. Þá hafi stefnandi ekki varað stefndu við því með nægilega tryggum hætti að gerast ábyrgðarmaður á láni dóttur sinnar. Telur stefnda þetta fela í sér brot gegn ákvæðum laga nr. 32/2009, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 920/2013.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, er hlutverk stefnanda að tryggja þeim sem falla undir lögin tækifæri til náms án tillits til efnahags. Þá segir í 5. mgr. 6. gr. laganna að námsmenn sem fá lán úr sjóðnum skuli undirrita skuldabréf við lántöku, teljist þeir lánshæfir samkvæmt reglum

stjórnar sjóðsins. Teljist námsmaður ekki lánshæfur, geti hann lagt fram ábyrgðir sem sjóðurinn telur viðunandi, þar með talda sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu námsláns ásamt vöxtum og verðtryggingu þess, allt að tiltekinn fjárhæð. Óumdeilt er að stefnda undirritaði skuldabréf vegna námslána dóttur sinnar, B, 19. desember 2011. Í skuldabréfinu kemur fram að ábyrgðarmaður hafi verið upplýstur um greiðslugetu lántaka o.fl. atriði samkvæmt 5. gr. laga nr. 32/2009 og staðfest það með undirritun sinni á sérstaka yfirlýsingu þar að lútandi sem skoðast sem hluti skuldabréfsins. Yfirlýsing þessi, sem ber heitið „Upplýsingar til ábyrgðarmanns“, liggur frammi í málinu og er hún undirrituð af stefndu. Slíkt skjal undirritaði stefnda einnig þegar hún gekkst í ábyrgð fyrir dóttur sína á viðbótarláni 7. janúar 2013.

Í fylgiskjalinu „Upplýsingar til ábyrgðarmanns“, sem samið er af stefnanda, kemur einnig fram í 2. tl. að stefnandi hafi upplýst ábyrgðarmann „um greiðslusögu lántakanda í samræmi við 4. gr. laga nr. 32/2009 eins og fram kemur á meðfylgjandi fylgiskjali“. Segir í skjalinu að frekari upplýsingar um greiðslugetu lántaka sé ekki að fá og frekari athygli er vakin á því að umrætt lán muni ekki greiðast fyrr en tveimur árum eftir að námi ljúki og þá verði aðstæður lántaka aðrar en í dag, þ. á m. greiðslugeta. Skjalið er undirritað af stefndu og segir í texta skjalsins að með því staðfesti hún að hafa kynnt sér upplýsingar skjalsins og fengið afhent afrit af því og að það skoðist sem hluti af ábyrgðarsamningnum. Í fylgiskjalinu er jafnframt að finna upplýsingar um hvers eðlis sjálfskuldarábyrgð ábyrgðarmannsins er og fyrir hvern ábyrgðin er tekin, um gildistíma ábyrgðar, hámarksfjárhæð hennar, auk þess sem þar er tekið fram að ábyrgðin standi einnig til tryggingar innheimtukostnaði ef til vanskila kemur og önnur atriði er varða skilmála ábyrgðarinnar.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 32/2009 skal lánveitandi meta hæfi lántaka til að standa í skilum á láni þar sem ábyrgðarmaður gengst í ábyrgð til tryggingar efndum lántaka. Segir síðan að greiðslumat skuli byggt á viðurkenndum viðmiðum en í athugasemdum með frumvarpinu segir að framkvæmd þess geti verið háð blæbrigðum meðal lánveitenda og því sé ekki talin þörf á að slá föstum í lögnum þeim viðmiðum sem leggja beri þar til grundvallar. Aðalatriðið sé að matið sé forsvaranlegt og að það byggist á viðurkenndum viðmiðum.

Óumdeilt er að stefnandi framkvæmdi lánshæfismat á lántaka, dóttur stefndu, til mats á því, hvort hún teldist lánshæf samkvæmt ákvæðum 5. mgr. 6. gr. laga nr. 21/1992 og þar með til úrlausnar á því, hvort krefja ætti hana um viðbótartryggingu svo sem ákvæðið gerir ráð fyrir. Stefnandi aflaði gagna frá vanskilaskrá Credit Info í þeim tilgangi og liggur fyrir að þau leiddu í ljós að lántaki var í vanskilum á þeim tíma og taldist því ekki lánshæf samkvæmt reglum stefnanda. Stefnandi byggir á því að slíkt lögákveðið lánshæfismat, sem stefnandi framkvæmdi, leggist að jöfnu við mat á hæfi lántaka til að standa í skilum með lán samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga um ábyrgðarmenn, enda verði að skýra það ákvæði á þann veg að með viðurkenndum viðmiðunum sé vísað til sömu skilyrða og felast í lánshæfi samkvæmt lögum nr. 21/1992. Af gögnum málsins verður ráðið að við mat stefnanda á lánshæfi lántaka hafi einungis legið til grundvallar þær upplýsingar um vanskil hennar sem stefnda hefur með undirritun sinni á skjöl vegna sjálfskuldarábyrgðarinnar staðfest að henni hafi verið kynnt.

Í 2. gr. laga um ábyrgðarmenn nr. 32/2009 er mælt fyrir um að lögin gildi um lánveitingar stefnanda. Við mat á því hvort stefnandi hafi uppfyllt skyldur sínar samkvæmt ákvæðum laganna um gerð greiðslumats verður að líta til þess sem segir í 1. mgr. 4. gr. um að byggja skuli greiðslumat á viðurkenndum viðmiðum, þótt ekki sé að finna í lögum nákvæm fyrirmæli um hvernig framkvæma skal slíkt mat, eins og áður er rakið. Er gengið út frá því að blæbrigðamunur lánveitenda geti skipt hér máli en að aðalatriðið sé að matið sé forsvaranlegt og byggist á viðurkenndum viðmiðum, eins og segir í athugasemdum með lagafrumvarpinu sem varð að lögum þessum. Í úrskurði málskotsnefndar, sem mál þetta snýst um, segir að stefnandi hefði meðal annars getað litið til þess greiðslumats sem framkvæmt er hjá meðal annars Íbúðalánasjóði og viðskiptabönkum. Segir þar jafnframt að af hálfu stefnanda virðist ekkert greiðslumat hafa verið framkvæmt á lántaka, heldur hafi verið látið nægja að prenta upplýsingar úr vanskilaskrá Credit Info og upplýsa ábyrgðarmann um greiðslusögu lántaka með vísun í það skjal. Umrætt fylgiskjal hefur ekki verið lagt fram af hálfu stefnanda, þrátt fyrir áskoranir stefndu þar um, en stefnandi hefur upplýst að á grundvelli persónuverndarsjónarmiða hafi hann á sínum tíma tekið ákvörðun um að geyma ekki afrit af yfirliti af vanskilaskrá vegna lántaka með gögnum málsins. Þegar litið er til framlagðs bréfs stefnanda til stefndu, dagsetts 14. desember 2011, þar sem stefnda er upplýst um að hún hafi verið tilnefnd sem ábyrgðarmaður fyrir námsmann, sem hafi óskað eftir námsláni hjá stefnanda, og þar sem jafnframt segir að meðfylgjandi sé greiðslusaga námsmannsins samkvæmt Credit Info, verður að ganga út frá því að umræddar upplýsingar hafi legið fyrir þegar stefnda gekkst í ábyrgð og að hún hafi kynnt sér efni skjalsins svo sem fram kemur í þeim skjölum sem hún hefur sannanlega undirritað.

Málskotsnefnd fellst í úrskurði sínum ekki á það með stefnanda að ekki hafi verið unnt að framkvæma greiðslumat með vísun til eðlis lánveitingarinnar og skorts á upplýsingum um lántaka. Fallast má á það með stefndu og málskotsnefnd að það mat, sem stefnandi lagði á greiðslugetu lántaka og kynnt var ábyrgðarmanni með því að afla yfirlits frá vanskilaskrá, hefði verið unnt að byggja á ítarlegri gögnum um fjárhagsstöðu lántaka, m.a. um tekjur lántaka, eignastöðu hennar og skuldastöðu. Engu að síður er ljóst að við greiðslumat á lántaka hjá stefnanda er aðstaðan að mörgu leyti önnur en hjá bæði Íbúðalánasjóði og viðskiptabönkum. Þau greiðslumöt, sem framkvæmd eru hjá slíkum lánastofnunum, miða að því að meta fjárhagsstöðu lántaka miðað við tekjur hans og afkomu að öðru leyti á þeim tíma sem lán er tekið í því skyni að gera sér grein fyrir getu hans til að greiða af láninu. Hins vegar er aðstaðan sú þegar um er að ræða lántaka hjá stefnanda að hann er tekjulítill eða tekjulaus meðan á námi stendur og þá hefst endurgreiðsla námslánsins ekki fyrr en tveimur árum eftir að námi lýkur. Má þá ætla, svo sem kemur fram í áður nefndum upplýsingum til ábyrgðarmanns, að aðstaður lántaka verði að verulegu leyti aðrar þegar endurgreiðsla lánsins hefst en þær voru við töku námslánsins og sjálfskuldarábyrgðarinnar. Má með réttu búast við að lántaki hafi þá hafið þátttöku á vinnumarkaði og njóti launa en þurfi ekki að framfleyta sér með lánsfé.

Stefnda undirritaði sjálfskuldarábyrgð á námsláni lántaka en samkvæmt 5. mgr. 6. gr. laga nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, er einungis krafist ábyrgða ef námsmaður telst ekki lánshæfur, svo sem var í þessu tilviki. Mátti stefndu því vera ljóst að lántaki var ekki lánshæf á þeim tíma þegar hún gekkst í ábyrgð. Auk

Þess verður að miða við að stefnda hafi fengið sent yfirlit um vanskil lántaka frá Credit Info svo sem gögn málsins bera með sér og áður er getið. Að öllu framangreindu virtu og þegar litið er til hinna sérstöku aðstæðna við mat á greiðsluhæfi námsmanna sem lántaka hjá stefnanda er það mat dómsins að ekki verði fallist á það með stefndu að mat stefnanda á greiðslugetu lántaka teljist vera óforsvaranlegt eða að það hafi ekki verið byggt á viðurkenndum viðmiðunum í skilningi 1. mgr. 4. gr. laga nr. 32/2009. Í ljósi þeirrar niðurstöðu verður ekki heldur fallist á það með stefndu að stefnandi hafi brugðist skyldu sinni samkvæmt 2. mgr. sama lagaákvæðis um að ráða stefndu frá því að gangast ábyrgð. Loks er það mat dómsins að ekki sé unnt að fallast á það með stefndu og málskotsnefnd að í orðalagi í fylgiskjalinu „Upplýsingar til ábyrgðarmanns“ um að „[v]akin er athygli á því að umrætt lán mun ekki greiðast fyrr en 2 árum eftir að námi lýkur og þá verða aðstæður lántaka aðrar en í dag, þ. á m. greiðslugeta“ felist einhvers konar hvatning stefnanda til stefndu um að gangast í ábyrgð fyrir lántaka. Því síður verður fallist á það með stefndu að með þessu hafi stefnandi á einhvern hátt blekkt stefndu til að gangast í umrædda ábyrgð. Ákvæði reglugerðar nr. 920/2013, um lánshæfis- og greiðslumat, koma ekki til sérstakrar skoðunar við úrlausn máls þessa, enda hafði reglugerðin ekki tekið gildi þegar samningar þeir, sem málið lýtur að, voru gerðir.

Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. laga um ábyrgðarmenn skal lánveitandi ráða ábyrgðarmanni frá því að gangast í ábyrgð ef aðstæður ábyrgðarmanns gefa tilefni til. Fram er komið og óumdeilt að stefnda er öryrki og þiggur örorkubætur. Fyrir liggur læknisvottorð Ómars Hjaltasonar geðlæknis frá 18. janúar 2013 þar sem fram kemur að stefnda hafi átt við mikil veikindi að stríða í langan tíma og að hún hafi verið í meðferð og undir eftirliti hans og annarra lækna um árabíl. Þá segir þar jafnframt að mál þetta hafi reynst stefndu mjög þyngjandi og að það geti sett verulegt mark á heilsu hennar og afkomu almennt. Er því ljóst að stefnda hefur átt við veikindi að stríða um langt árabíl. Hins vegar liggja hvorki fyrir í málinu gögn sem sýna að hún hafi ekki getað gert sér grein fyrir ábyrgð sinni þegar hún tók á sig sjálfskuldarábyrgð þessa né önnur gögn sem hefðu getað gefið stefnanda vísbendingar um að aðstæður stefndu væru með þeim hætti að tilefni væri til að ráða henni frá því að taka á sig ábyrgðina, sbr. ákvæði 3. mgr. 4. gr. laga um ábyrgðarmenn. Þá hefur stefnda ekki að öðru leyti fært fram haldbær rök fyrir því að svo hátti hér til.

Áður er rakið efni skuldabréfsins og framlagðs fylgiskjals með því sem ber yfirskriftina „Upplýsingar til ábyrgðarmanns“ og sem staðfest er með undirritun stefndu. Verður að ganga út frá því að stefndu hafi verið efni skjalanna kunnugt og jafnframt að hún hafi fengið senda áður nefndar upplýsingar um vanskil lántaka sem stefnandi aflaði frá Credit Info. Í ljósi þess verður því ekki fallist á að stefnandi hafi brotið gegn ákvæðum 5. gr. laga um ábyrgðarmenn að því er upplýsingaskyldu hans varðar.

Ljóst er að í lögum nr. 32/2009, um ábyrgðarmenn, eru engar reglur sem mæla fyrir um ógildi samnings vegna annmarka af þeim toga sem aðila greinir á um. Samningur aðila þessa máls um sjálfskuldarábyrgð stefndu verður því ekki ógiltur í heild eða að hluta af þeim sökum einum að afla hefði mátt frekari gagna við framkvæmd greiðslumats á lántaka. Kemur því til skoðunar sú málsástæða stefndu, sem byggð er á 36. gr. laga nr. 7/1936, að það teljist ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju að stefnandi beri fyrir sig umrædda sjálfskuldarábyrgð. Verður við

það mat að líta til efnis samningsins, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til, sbr. 2. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936.

Af athugasemdum í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 32/2009, um ábyrgðarmenn, er ljóst að megingilgangur lagasetningarinnar er að tryggja að ábyrgðarmaður sé upplýstur um það sem í ábyrgð felst áður en hann tekur hana á sig. Hér að framan er rakið efni þeirra skjala, sem stefnda undirritaði þegar hún tók á sig umrædda ábyrgð, sem lúta að upplýsingum um eðli ábyrgðarinnar, greiðslumat og fleira. Jafnframt mátti henni vera ljóst að lántaki var ekki lánshæf hjá lánasjóðnum þar sem samkvæmt lögum um sjóðinn var ekki krafist sjálfskuldarábyrgðar nema þegar lántaki var ekki talinn vera lánshæfur. Þá bera gögn málsins með sér að stefnda hafi verið upplýst um fyrirliggjandi upplýsingar um vanskil lántaka frá Credit Info. Eins og áður er rakið er það niðurstaða dómsins að stefnandi hafi ekki brotið gegn ákvæðum 4. og 5. gr. laga nr. 32/2009, um ábyrgðarmenn, við gerð samnings um umrædda sjálfskuldarábyrgð stefndu. Þá hefur ekki verið fallist á að nein þau atvik séu leidd í ljós sem samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1936 eigi að leiða til þess að það beri að ógilda sjálfskuldarábyrgð stefndu svo sem hún hefur krafist. Þykja því ekki efni til að fella sjálfskuldarábyrgð stefndu úr gildi að hluta eða í heild sinni. Verður því fallist á kröfu stefnanda um að fella úr gildi úrskurð málskotsnefndar Láнасjóðs íslenskra námsmanna í málinu nr. L-58/2013, sem dagsettur er 5. júní 2014, þar sem ákvörðun stjórnar Láнасjóðs íslenskra námsmanna frá 17. október 2013 var felld úr gildi og ábyrgð stefndu, A, á námsláni B nr. 131048 felld niður.

Af hálfu stefnanda er ekki krafist málskostnaðar í máli þessu og verður hann því ekki dæmdur.

Eins og áður er getið fékk stefnda gjafsókn í máli þessu með bréfi innanríkisráðuneytisins, dagsettu 10. nóvember 2014. Telst málflutningsþóknun lögmanns stefndu, Leifs Runólfssonar hdl., hæfilega ákveðin 650.000 krónur og skal hún greidd úr ríkissjóði. Við ákvörðun málflutningsþóknunar hefur verið tekið tillit til greiðslu virðisaukaskatts.

Arnfríður Einarsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð :

Felldur er úr gildi úrskurður málskotsnefndar Láнасjóðs íslenskra námsmanna í málinu nr. L-58/2013, sem dagsettur er 5. júní 2014, þar sem ákvörðun stjórnar Láнасjóðs íslenskra námsmanna frá 17. október 2013 var felld úr gildi og ábyrgð stefndu, A, á námsláni B nr. 131048 felld niður.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefndu, A, sem er málflutningsþóknun lögmanns hennar, Leifs Runólfssonar hdl., 650.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, greiðist úr ríkissjóði.

Arnfríður Einarsdóttir